

Þinggerð ársþings Blaksambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, 10. mars 2017 kl. 16.00

Jason Ívarsson setur þingið með setningarræðu. Í ræðunni stiklaði Jason á nokkrum atriðum en fagnaði því vel að fyrir þingið lágu margar tillögur og svo virðist sem þátttakan í þinginu sé góð.

Leggur til að Jón M. Ívarsson verði þingforseti. Samþykkt með lófaklappi

Leggur til að Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti gengur til starfa með kosningu í starfsnefndir þingsins.

Lagt er til að Árni Jón Eggertsson stýri fjárhagsnefnd

Lagt er til að Sigurbjörn Árni Arngrímsson stýri laganefnd

Lagt er til að Stefán Jóhannesson stýri Allherjarnefnd

Lagt er til að Steinn Einarsson stýri uppstillingarnefnd

Lagt er til að Valgeir Hilmarsson stýri kjörbréfanefnd, með honum í nefnd séu Jón Ólafur Valdimarsson og Kristján Geir Guðmundsson.

Jason Ívarsson flytur skýrslu stjórnar til jafns við Stefán Jóhannesson sem mun fjalla um landsliðsmál. Stefan segir frá gríðarlega miklu starfi í kringum landsliðin og þeirri fjölgun sem hefur orðið.

Talar um atvinnumennina okkar.

Við viljum eignast fleiri leikmenn í útlöndum.

Verkefni framundan.

Valgeir Hilmarsson gerir grein fyrir störfum kjörbréfanefndar

35 mættir af 41 sem eru á kjörbréfum.

Reikningar síðasta starfsárs. Árni Jón Eggertsson fer yfir fjármál sambandsins. Ársreikningur er á netinu, bæði í sérskjali og inni í ársskýrslunni.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvað sér hljóðs. Samþykktir samróma

Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Garðar Svansson.

Flytur kveðjur frá Lárusi Blöndal og Líneyju Rut og framkvæmdastjórn ÍSÍ

Talaði um merkisveitingar frá ÍSÍ. Þarf að hengja í nokkra innan sambandsins.

Talaði vel um Blaksamband Íslands, skýrsluna og ársreikningana

Talaði um afrekssjóð ÍSÍ.

Árni Jón Eggertsson leggur fram fjárhagsáætlun ársins 2017. Þingskjal 1.

Laga- og leikreglnabreytingar.

Jason. Lagabreytingar. Þingskjal 2

Jason. Notkun um notkun ólöglegra leikmanna. Þingskjal 3

Jason. Agareglur. Þingskjal 4

Valgeir. Aganefnd. Þingskjal 5.

Óli J. Aganefnd. Þingskjal 6

Þróttur N. Aganefnd. Þingskjal 7

LAGANEFND þingskjal 2-7

Kristján Geir. Reglugerð um bikarkeppni. Þingskjal 8.

Þingskjöl 9-13 um félagaskipti

Steinn Einarsson. Lagt er til að einfalda félagaskiptagluggan... Þingskjal 9

Ólafur Jóhann. Þingskjal 10

Kristján Geir. Þingskjal 11.

Blakdeild Þróttar N. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir. Breytingar á félagaskiptaglugganum. Þingskjal 12

Blakdeild Þróttar N. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir. Breytingar á bikarkeppninni. Þingskjal 13

Þingskjöl 9-13 fara í allsherjarnefnd

Andri Hnikarr Jónsson leggur til breytingar á tillögu á deildakeppni og úrslitakeppni. Þingskjal 14.
Bendir sérstaklega á síðustu greinina í tillögunni. Allsherjarnefnd.

Arnar Birkir Björnsson. Breytingar á reglugerð um Íslandsmót. Þingskjal 15. Allsherjarnefnd

Blakdeild Stjórnunnar. Benedikt Baldur Tryggvason. Tillaga um að setja á línuverði á að nýju. Telur þörf á því að setja þetta á. Gerir umgjörðina faglegri. Þingskjal 16a. Allsherjarnefnd.

Blakdeild Stjórnunnar. Benedikt Baldur Tryggvason. Yngriflokkar. Þingskjal 16b. Allsherjarnefnd

Ólafur J. Umgjörð leikja. Þingskjal 17. Allsherjarnefnd

Grétar Eggertsson. Meistarakeppni. Þingskjal 18. Allsherjarnefnd.

Andri Hnikarr Jónsson. Tillaga um iðkendagjald. Þingskjal 19. Allsherjarnefnd.

Valgeir Hilmarsson. Endurskoðun á reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni. Þingskjal 20.
Allsherjarnefnd.

Magni Mar Magnason. Yngriflokkar. Þingskjal 21. Allsherjarnefnd

Afreksstefna Blaksambands þingskjal 22

Þróttur Nes. Þorbjörg Ólöf. Um útlendinga. Þingskjal 23. Laganefnd

Helga Steinunn kom með ósk um að fá að vita fyrirfram í hvaða nefndir mál fara

Kristján Geir. Félagaskipti. Þingskjal 9-13. Allsherjarnefnd.

Formaður kveður sér hljóðs til að leiðrétta.

Hrafnhildur Theódórsdóttir er með kynningu.

Verkefni og fjáröflunarverkefni fyrir landsliðin. Okkur langar til að gera betur aflu meira fjár.
Hugmyndin er að blakfélögin muni fá miða til að selja.

Þingforseti tilkynnir um þinghlé kl. 18.00 og að það standi yfir í eina og hálf klukkustund. Í þinghléinu fara fram nefndarstörf og bendir viðkomandi nefndum á þá staði. Matur er kl. 18.30.

Þingstörf hefjast að nýju kl. 20.30

Komið að því að fara yfir **nefndarálit**

Óskar Þórðarson sagði frá nefndarstörfum fjárhagsnefnd.

Rætt var um að gefast ekki upp með iðkendagjaldið og tenginguna við Felix.

Rætt um mótið og hvernig það mun koma út.

Hækkun í yfirstjórn sem er jákvætt, bæta við

Rekstraráætlun 2017 lögð fram óbreytt og samþykkt einróma.

Stefán Jóhannesson kemur með álit laganefndar BLÍ. Sagði frá því að hann hafi skipt við Sigurbjörn Árna um nefnd.

Þingskjal 2

Hverjir eiga rétt á því að sitja á þinginu. Stærðartakmörkun komin inn.

Orðalagið á 5. Lið...greinar 5 þarfnast útskýringar... breyta í fyrir hvert lið

Grein 5.1

Um kærumál. Breyta.. strika út ..innan félaga...

9. grein. Breytingar á texta.. sjá SJ

Umræður um þingskjal

Steinn Einarsson kemur upp og spyr um hvaða gagnagrunn eigi að nota við að reikna út iðkendafjölda. Einnig um hámarksfjölda þingfulltrúa á félag?

Þorbjörg Ólöf kemur upp og leggur til að í 5.1 gr. Verði bætti við mótanefnd „BLÍ“.

Jason Ívarsson kemur í pontu. Varðandi fulltrúa. Fyrir hvert lið í staðinn fyrir að hafa í 5.tl.

Hámarkið er þar með komið.

Varðandi 5.1. Réttilega skrifa mótanefnd BLÍ. Mótanefnd getur ekki farið að dæma um ólöglegan leikmann sem er í leikbanni eða hefur ekki haft félagaskipti.

Kristján Geir bendir á að það vanti í lögum við hvað á að miða.

Steinn vill leggja til að bætt verði lið 6 um að félag geti haft að hámarki 5 fulltrúa.

Harpa Grímsdóttir. Það er mikið skref fram á því. Vægið er of mikið fyrir lið í úrvalsdeild.

Hver eru rökin fyrir því að mótanefnd geti ekki úrskurðað um annað en sjö leikjahæstu.

Jason. Mótanefnd er ekki lögfróð og það gæti of flókið að mótanefnd fái viðtækari heimild.

Varðandi þingfulltrúa þá verða stóru félögin alltaf stærri en litlu.

Þingforseti ber upp tillöguna um að fyrir hvert lið.

Tillaga um að hvert félag hafi að hámarki 5 fulltrúa.

Orðalag: 5. Liður. Fyrir að hafa lið í úrvalsdeild fæst aðeins 1 fulltrúi.

Greinin borin upp og samþykkt samhljóða.

5.1. Mótanefnd „BLÍ“. Og tekið út „innan félaga sbr. Reglugerð þar af lútandi. Samþykkt með einu mótatkvæði

6. gr. Heiðursformenn BLÍ. Samþykkt

8. gr. Laganefnd ... samþykkt.

9. gr. Framboðsfrestur.. breytt.. samþykkt samróma

Þingskjal 2 borið upp í heild sinni og samþykkt.

Stefán Jóhannesson formaður laganefndar. Þingskjal 3. Seinni hlutinn strikaður út. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4. Agareglur. Lagt er til að tillaga frá stjórn BLÍ verði samþykkt með smá innleggi úr þingskjali 6. Bæta við í lið 3 d. Þrjú refsistig núllast út en önnur haldast.

J liður dettur út á milli leiktímabíla.

Spurning úr sal. Varðandi hvenær þetta tekur gildi. Því svarað þannig að þetta taki gildi frá og með næsta leiktímabili.

Þingskjal 4 borið upp til samþykktar. Eins leiks bann núllar út 3 refsistig. Það þýðir að það færast allir liðir upp um einn staf. Strikað út J lið. Samþykkt einróma.

Þingskjal 5, 6, 7 falla þar með niður þar sem um sama mál var að ræða.

Þingskjal 8. Bæta við setningu í lokin – liðin 4 í úrslitum deila með sér ferðakostnaði sbr. 2. Grein. Samþykkt einróma. Reglugerðin borin upp í heild sinni og hún samþykkt einróma.

Þingskjal 9-13

Félagaskipti. Sett saman í 1 reglugerð.

Félagaskipti 31. Október. Og 1. Jan til 31. Jan

Sjá reglugerð hjá bjössa takk!!

4. greininni eru skotið til stjórnar að útfæra.

Nefndin var sammála um að viðbótin úr þingskjalinu hans Kristjáns um láns leikmenn ætti að vera inni.

Jason kemur í pontu og spyr hvort þetta hafi verið grín með opnun skrifstofu til miðnættis.

Gunna Stína. Talar um félagaskiptin að eigi taka gildi, þann dag sem tölvupósturinn. Blæs á skrifstofutíma hvað.

Kristín Harpa leggur til breytingatillögu að þar sem stendur. Fullgild félagaskipti.. eða með öðrum sannarlegum hætti til miðnættis á lokadegi félagaskipta.

Kristján Geir spyr um hvort þetta séu ekki 7 greinar. Því svarað. Legg til að strika út „þessi félagaskipti skulu vera óháð“

Óskar Þórðarson benti á það að greiðslan þarf að vera lögleg líka.. eftir kl. 21.00 bókast ekki greiðslan fyrr en daginn eftir.

Þingforseti þakkar fyrir frábæran mat.

Kristín Harpa skilar inn skriflegri tillögu.

Þingforseti ber upp reglugerðina og breytingar. Samþykkt að viðbótin verði ekki notuð.

Reglugerð um félagaskipti.

Jason Ívarsson, formaður lagði til að þingskjali 9-13 verði vísað til stjórnar með vilja þingsins að leiðarljósi. Steinn spurði.

Kristján Geir kemur upp og vill að þingið samþykki 8. Greinina sem er auka tillaga.

Sigurbjörn Árni, svarar því úr sæti

Andri Hnikarr. Sammála Kristjáni um að umræða um 8. Greinina verði að fara fram

Sigurbjörn Árni les upp 8. Greinina. Þessi fer með í tillögum sem fara til Stjórnar til nánari útfærslu.

Þingskjal 14 og 15. Fer fram á að 14 og 15, 17 og 20 í einu.

Tillögurnar snúa allar að umgjörð um Íslandsmót og úrslitakeppni

Á endanum var samþykkt og þingskjal 20 verði samþykkt en að hin þingskjölin myndu halda gildi sínu inn í nefndina.

Jason. 19. Maí er skammt undan, skömmu á eftir mótinu, til umhugsunar, OG er þörf til að boða til auka aðalfundar, væri kannski hægt að gera það með öðrum hætti.

Steinn. Varðandi þessar tímasetningar eru settar fram til að setja pressu á þetta. Þekki ekki hvort þurfi að hafa aukabing... það yrði stutt.

Jason. Telur rökrétt að framkvæmdastjóri og formaður mótanefndar verði í nefndinni. Það er alla jafna mikið að gera hjá þeim á þessum tíma. Er hægt að bæta við tímalega fyrir næstu skráningu...

Þingforseti. Útfærslan er hjá stjórn um að skipa nefndina.

Þingskjal 20 borið upp og samþykkt einróma

Þingskjal 16a og 16b

Varðar umgjörð í úrvalsdeildarleikjum ásamt. Lagt til óbreytt úr nefnd.

Stefán, hefur áhyggjur af því.

Benedikt Baldur kemur upp og styður tillöguna.

Þingforseti fer með gamanmál

Rósa Dögg. Styður tillöguna. Umgjörðin betri og allir ættu að geta. Er svolítið félagsins.

Valgeir. Vantar álit frá dómara

Sævar fer í pontu og styður tillöguna.

Grétar. Styður þetta og hvetur til að félögin geri þetta vel og allir saman.

Helga Steinunn. Ég skal gerast línuvörður.

Steinn. Dómari verður að verja línuverðina.

Þingskjal 16a samþykkt með einu móti

Þingskjal 16b samþykkt einróma.

Þingskjal 18 Sigurbjörn Árni. Lagt til að að reglugerðin verði óbreytt eins og hún er lögð fram.

Jason. Meistarakeppnin hefur aldrei farið fram.

Tillaga um að endurvekja keppni sem aldrei hefur farið fram.

Óskar Þórðarson kemur í pontu. Telur að í agareglunum eigi að bæta við meistarakeppnina..

Þingskjal 18 leggur þetta til samþykktar. Samþykkt einróma.

Þingskjal 19. Tillaga um notkun iðkendagjald. Það var lagt til að tillögunni verði vísað til stjórnar. Með tilvísun í fundargerð nefndarinnar.

Þingforseti leggur fram þingskjal. Vísað til stjórnar til nánari útfærslu. Samþykkt einróma.

Þingskjal 21. Tillaga var borin upp að vísa úr nefndinni til unglínganefndarinnar.

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir kemur í pontu. Takk fyrir þessa tillögu. Margt gott í tillögunni, yngriflokkanevnd, markmiðið er að fjölga leikjum, engin reglugerð fyrir yngriflokkana, Ekki ljóst hvernig þetta útfærast vegna orðalags í reglugerðinni. Erfitt að fylgja reglunum. Margt gott og þarft en held að þurfi að útfæra betur í samræmi við reglugerð um yngriflokkamót sem eru í gildi.

Magni: Meiningin er sú að spilaður séu þrjár unnar hrinur. Bikarmótið er mót. En Íslandsmótið í deildakeppni. Ef vilji er til að breyta og stækka yngriflokka. Við þurfum að breyta til að stækka. Þetta er ekki að fara að virka í 10 ár. Við þurfum að hafa meira leikja álag í félagsliðum. Eru yngriflokkaleikmenn að spila fleiri leiki með landsliði heldur en félagsliði.

Guðrún Kristín. Takk fyrir tillöguna. Frábært að sjá unga fólkið á þinginu. Þetta eru framfarir, sammála því sem Magni sagði. Þurfum að taka skrefið og breyta. Hann kemur með hugmynd að spila með 2. Flokk í deild o.s.frv. Þessi ungmenni þurfa að fá að spila meira af alvöru leikjum. Tökum skrefið? Kannski verða bara fá lið.. árið eftir kemur svo. Þurfum að hugsa þetta lengra...

Þetta er réttmæt tillaga.

Valli: í 10 ár hefur heilmikið breyst, fullorðinsstarfið hefur tvö eða þrefaldast en barnastarfið hefur ekkert breyst. Það má breyta hlutunum, við skulum brjóstast út úr því að breyta aldrei neinu. Vill vísa þessu til nefndar eins og með fullorðinsmótið

Harpa. Ákveðinn fjöldi yngri leikmanna eigi að vera í þeirri nefnd.

Hrafnhildur. Vill vísa þessu í sams konar nefnd eins og fullorðinsmótið. Og skal tekin fyrir á aukabingi 19 maí. Leggur fram skriflega tillögu.

Sjá tillögu... þingforseti. Mælt er fyrir að þingskjal 20 og með aðkomu leikmanna yngriflokka.

Tillaga lögð fram og samþykkt einróma.

Laganefnd: Stefán. Merkt þingskjal 22. Sama skjal og hefur verið unnið að.

Útlendingar.

Bobba: vill ræða afreksstefnuna. Vill dreifa æfingahelgunum um landið. Svo allir sitjir við sama borð sama hvar þeir búa. Ekki einblýna bara á höfuðborgarsvæði. Óskar eftir betra skipulagi. Á síðasta ári voru greiddar 498.000 vegna landsliðsverkefna barnanna. 6 ferðir til RVK. ÍSÍ fargjald er 26000 bara til að fara á æfingar. Fáir færu til Ísafjarðar á æfingar frá RVK því þeir hafa aldrei þurft að fara. Í fótbolta þurfa þau ekki borga neitt en auðvitað ekki hægt að bera sérsamböndin saman. Vill að allir þátttakendur á æfingum borgi jafnt. Varðandi erlendu leikmennina þá vantaði kannski meiri rökstuðning en þau vildu fá umræðuna. Væri aldrei hægt að banna evrópusambandsfólki að spila. Þösum okkur samt á því að fylla ekki liðina af útlendingum svo okkar íslensku leikmenn ná að dafna.

Gunna Stína: Þegar það er boðað til landsliðsæfinga 20 manna eða 30 manna hópur, boðað í RVK svo fæstir þurfa að ferðast. Allir eiga að borga jafnt sama hvaðan þau koma. Þannig myndu gjald RVK krakkanna borga flugið fyrir hin. Allir eiga að borga það sama fyrir æfingabúðirnar. Þetta á að vera regla. Þetta var prófað hjá strákunum vor og gekk mjög vel.

Óskar. BLÍ ætti að vera duglegra að fara með landsliðsþjálfarana út á land. Svipðað og KSÍ gera. Byrja í hópum úti á landi og svo þrengja hópinn og fara svo suður. Hjá KKÍ er regla 4+1, þ.e. bara einn útlendingur alveg sama við EES reglur segja

Grétar: varðandi erlenda leikmenn þá er ekki tímabært að setja reglur um það (sammála nefndinni). Hins vegar hefur oft verið erfitt hjá liðum úti á landi í KKÍ að fá íslenska leikmenn (ódyrara að fá erlenda leikmenn). Ekki kominn á staðinn til að setja reglurnar ennþá. En við eigum að avara tilbúin til þess. Þetta er leið margra smærri eða fámennarri liða til að keppa við sterku liðin.

Tillagan um erlenda leikmenn þingskjal 23. Laganefndin lagði til að þessari tillögu verði vísað frá. Samþykkt með einu mótatkvæði.

Þingskjal 22. Afreksstefna BLÍ. Borið upp til samþykktar, tilmæli um að uppfæra afreksstefnuna og samþykkt einróma.

Þá er búið að lið 14. Ákveðið gjald ævifélaga. Tillaga borin upp um að árgjald ævifélaga verði óbreytt 100.000 kr. Borin upp og samþykkt einróma.

Önnur mál

Kristján Geir. Hrósa þeim félögum sem eru byrjuð að rukka inn á leikina. Það er bara framfaraskref að rukka inn.

Guðrún Kristín. Þakka þeim sem lögðu sig fram og með þessar reglugerðabreytingar. Með skemmtilegasta þing sem ég hef verið á. Það er meiri áhugi hjá öllum að komast á hærra plan. Næsta plan með úrvalsdeildina, með landsliðin með unglingslandliðin og fleira og fleira. Það er ekki langt síðan aðeins voru einn og tveir sem komu upp og töluðu.

Öldungur 2017, kynnr Öldungamótið í vor. Minna á það að skráningarfrestur rennur út eftir 2 vikur. Dómgæsla á öldungamótið, vandamál með dómgæsluna í fyrra, þurfum aðstoð, hækkun landsliðsstyrks, ef einhver vill koma og hjálpa til þá er alltaf hægt að bjóða sig fram. Þakka fyrir gott þing og býð ykkur velkomin á Mosöld 2017.

Grétar Eggertsson: Hvetur stjórnina til að lesa skýrsluna, og hver er að vinna þetta. Hvet stjórnina til að taka afstöðu og þá hvernig menn vilja nálgast efnið til að komast aðeins ofar.

Jason kemur upp, tillögur fyrir þingið og skemmtilegt. Ber vott um að hreyfingin sé lifandi. Þegar komu fáar tillögur á þingið. Sá tími er liðinn sem er gott.

Varðandi þessa skýrsluna frá nefndinni um afrekssjóðs reglugerðina. Það er búið að gefa þessa skýrslu út en er ekki endilega endanleg útgáfa reglugerðar. Það verður lagt fyrir Íþróttaping. Munurinn á milli er nokkur til að við komumst upp í fyrsta flokk. Þarf að hafa íþróttastjóra og landsliðsþjálfara í fullu starfi. Afrekisstefna er lifandi plagg og kemur vel inn í þetta. Þetta kallar á mun meiri og skilvirkari vinnu bæði af hálfu ÍSÍ og viðkomandi sérsambands. Eins og fram hefur komið fengum við töluvert hærri upphæð í úthlutun í janúar og eigum von á hærri upphæð. Árið 2019 verður upphæðin orðin mun hærri.

Þetta ætti að vera þannig að peningar koma fyrst en svo kemur árangur en hingað til hefur það verið öfugt.

Lúðvík Kristinsson frá Völsungi Húsavík. Hugmyndin hjá Magna er fín en hann sér ekki alveg að það gangi að spila á virkum dögum með stelpur í 3ja flokki. Við byrjuðum þegar Ingibjörg og Óli Heimir fluttu norður. Talar um skjal á netinu sem er um Krakkablak. Það vantar reglugerðir á netið og lifandi upplýsingar.. Við erum í uppbyggingu og okkur vantar yfirbygginguna frá BLÍ fyrir yngriflokka.

Vantar algjörlega regluverk um yngriflokkana. Við höfum ástríðu fyrir þessu og lögum heimasíðuna. Gagnrýni á starfsemi BLÍ.

Grétar: Ef þetta verður niðurstaðan þá munu þessi sérsambönd fá það mikið forskot á okkur. Við þurfum að skipuleggja betur en það kostar peninga. Við þurfum að fara vel yfir, hvað þarf að gerast til að fá meira.

Stefán, örstutt varðandi afrekssjóðinn. Þurfum auðvitað að komast í fyrsta flokkinn. Því miður lenda greiðslur að stórum hluta á iðkendum og eða foreldrum.

Að upphaldsdagsetningu formanns, 19. maí. Þá helgi er verið að skipuleggja æfingamót fyrir kvennalandsliðið. Varpar því fram að ef einhverjir hafa áhuga á að framkvæma leikina í þessu móti þá bara gefa sig fram. Landsliðsnefndin er opin og ef einhver hefur áhuga.

Andri Hnikarr Jónsson. Langar til að varpa fram að við þurfum að nota og nýta þennan meðbyr og þurfum að gera eitthvað. Hvað hefur fótboltinn fram yfir okkur gagnvart krökkunum. Eitt af því sem okkur vantar eru hetjur. Við þurfum að búa til fyrirmyndir og hetjur fyrir krakkana til að horfa upp til. Krakkarnir sem fara að horfa á landsliðið eru að fara til að horfa á Gylfa Sigurðsson.

Jason Ívarsson. Hetjur, þetta er víðar vandamál en hjá okkur í blakinu. Á síðasta ársþingi FIVB var talað um hetjur. Dæmi um Messi og besta mann síðasta HM. Þrír þekktu blakmanninn.

Þessi flokkun á sérsamböndunum. Það var mikið hugrekki hjá nefndinni að koma fram að KSÍ fengi ekki krónu af styrknum útaf sjálfbærni sérsambandsins.

16. liður Kosningar

Steinn Einarsson, formaður uppstillingarnefndar.

Uppstillingarnefnd, Steinn, Jón Ólafur, Lúðvík.

Kosið í formann BLÍ. Einn gefur kost á sér. Við leggjum það til að Jason Ívarsson og sammála því með lófaklappi.

Tvö sæti í aðalstjórn sem þarf að kjósa um. Hrafnhildur Theódórsdóttir hefur ákveðið að stíga til hliðar. Tvö framboð eru Árni Jón Eggertsson og Andri Hnikarr Jónsson sem meðstjórnendur, samþykktir með lófataki.

Varastjórn er kosin til eins árs. Einar Ólafsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér.

Nefndin leggur til að Svandís Þorsteinsdóttir verði 1. Varamaður, Sigurbjörn Árni Arngrímsson 2. Varamaður, 3. Varamaður Steinn Arngrímsson.

Lagt er til að Hjörtur Halldórsson og Davíð Búi Halldórsson verði endurskoðendur ársreikninga.

Þingforseti slítur þingi kl. 23:45 með því að gefa nýkjörnum formanni orðið til að slíta þingi.

Jason formaður BLÍ. Þakkar traustið, þingið starfsamt, margar tillögur, umræður góðar, gott veganesti, þakkar stjórnarmönnum sem fara úr, þingforseta og þingritara. Góða ferð heim og þingi slitið kl. 23.45.

Sævar Már Guðmundsson

Þingritari